

Reglur um kostnaðarþátttöku Sveitarfélagsins Ölfuss í framkvæmdum við styrkingu og lagningu bundins slitlags á heimreiðar í sveitarfélaginu

1. gr.

Umsókn um styrkingu og lagningu slitlags

Landeigendur skulu senda bæjarstjórn umsókn um styrkingu og lagningu bundins slitlags á tiltekna heimreið í sveitarfélaginu. Ákvörðun bæjarstjórnar skal taka mið af þeirri fjárhæð sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir til slíkra verkefna og afstöðu Vegagerðar til verkefnisins. Tímaröð framkvæmdar á verkefnum fer í fyrsta lagi eftir afstöðu Vegagerðar til viðkomandi verkefnis og í öðru lagi eftir þeirri tímaröð sem umsóknir berast bæjarstjórn.

2. gr.

Samkomulag um framkvæmd við Vegagerð

Samkomulag skal vera gert milli Vegagerðarinnar og Sveitarfélagsins Ölfuss um styrkingu og lagningu bundins slitlags á viðkomandi veg. Vegagerðin skal sjá um framkvæmd verksins og annast daglegt eftirlit en Sveitarfélagið Ölfus skal hafa komið að undirbúningi þess.

3. gr.

Skipting kostnaðar við verkið

Skipting kostnaðar við hvert verk skal vera þannig að Vegagerðin greiðir að lágmarki kostnað við undirbyggingu vegarins og helming efra burðarlags en Sveitarfélagið Ölfus ásamt viðkomandi landeigendum greiðir að hámarki fyrir helming efra burðarlags og allan kostnað við klæðningu á veginn.

Öll aukaverk sem til koma verða hinsvegar greidd af þeim aðila sem eftir því kallar þar sem slíkt á við. Áður en aukaverk er unnið skal frá því gengið hver muni greiða það og í hvaða hlutföllum það skiptist.

Kostnaðarþátttaka Sveitarfélagsins Ölfuss miðast að hámarki við verkefni sem tekur mið af heimreiðastaðli Vegagerðarinnar, þ.e. að hámarki 4 m. breiðum vegi. Sé vegur byggður upp breiðari en heimreiðastaðall Vegagerðarinnar tekur til skal allur hluti verksins sem er umfram þann staðal flokkast sem aukaverk án kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins.

4. gr.

Skipting kostnaðar milli Sveitarfélagsins Ölfuss og landeiganda

Skipting kostnaðar milli Sveitarfélagsins Ölfuss og landeigenda er þannig að sveitarfélagið greiðir 60% og landeigendur 40%. Samningur skal undirritaður milli sveitarfélagsins og landeiganda um þessa kostnaðarskiptingu.

5. gr.

Greiðslur til verktaka

Greiðslur fara þannig fram að verktökum er ætlað að innheimta hjá hvorum aðilanum fyrir sig skv. ofangreindri kostnaðarskiptingu. Sveitarfélagið Ölfus sér um greiðslur til verktaka, vegna hlutar sveitarfélags og landeigenda og innheimtir hlut landeigenda hjá viðkomandi.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss 23. maí 2014

Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri